



Tækniupplýsingar

ALLBÄCK LÍNOLÍUVAX

VÖRULÝSING

Allbäck línolíuvax gefur einstaklega fallega og náttúrulega áferð. Vaxið er fjölhæft og má bera á ýmis gleypin efni, svo sem timbur, steinsteypu, flísar, flögustein og/eða húsgögn. Það er tilvalið þegar fríska þarf upp á veðraða línolímálningu eða til að styrkja yfirborð Linusmálningar. Vaxið fæst í mörgum litum en einnig glært. Það gefur endingargott, silkimatt og vatnsfælið yfirborð.

Línolíuvaxið frá Allbäck inniheldur býflugnavax, litarefni og hráa línolíu. Þessi efni eru soðin saman og á býflugnavaxið þátt í þornun línolíunnar. Línolíuvax inniheldur engin leysiefni, kemísk efni eða rotvarnarefni. Vaxið er því tilvalið á fleti þar sem matur er meðhöndlaður.

VINNULAG

1. Undirbúningur er afar mikilvægur. Hreinsið flötinn með Allbäck línolúsápu og vatni. Viður meðhöndlaður með lút þarf að hlutleysa með þynntri ediks- eða oxalsýru eigi að mála hann með línolímálningu eða bera á hann línolíuvax.
2. Þurrkið yfirborð. Ýfist viður er hann slípaður með fínnum sandpappír (180-200). Ryksugið flötinn vel að lokum.
3. Hafa skal einnig í huga að ísog flatarins getur verið mismunandi, allt eftir yfirborðsáferð og gljáa. Því gæti útlit markast af því. Til dæmis getur viður slípaður með sandpappír dregið í sig meira vax og lit, en hefllaður. Við mælum því með að byrja með prófun á litlum fleti. Sé litur of sterkur má blanda með ólituðu línolíuvaxi. Blanda má saman öllum litum.
4. Berið vaxið á yfirborðið með grófum skúringasvampi eða lófríum klút. Vinnið samsíða viðaræðum, 2-3 borð í senn. Afar mikilvægt er að bera vaxið þunnt á. Mögulegt er að verma vaxið aðeins til að auðvelda dreifingu þess.
5. Látið línolíuvaxið ísogast í um 15-20 mínútur. Strjúkið síðan umfram magn af með handklæði (innan einnar klukkustundar). Handklæði eru tilvalin til verksins. Of mikið vax getur gert flötinn klístraðan og smitað af sér í langan tíma. Ójafnt magn getur lengt þurrktíma og gefið mismun í gljáa. Oft er spurt um þurrktíma vaxins en hann getur verið mismunandi eftir viðartegund og undirlagi. Kvistar geta t.d. þurft lengri tíma en viðurinn umhverfis þá vegna kvoðu í kvistunum. Aðalatriðið er að draga vel úr vaxinu. Það þarf um viku til að ná fullri hörku.
6. Að þessu loknu má ganga á gólfi á sokkaleistum ef þörf krefur en passið að afmá fótsporin á leið út úr rýminu. Eftir vinnu með línolíuvax ætti ávallt að metta alla klúta með vatni til að hindra sjálfþendrun.
7. Línolíuvax er auðvelt að þrifa með veikri lausn af Allbäck línólíu í vatni.

Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun hvort varan hentar þeirra þörfum.



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | www.serefni.is